



## Reglur um refa- og minkaveiði í Flóahreppi

Reglur þessar gilda um veiðar á refum og minkum innan sveitarfélagamarka Flóahrepps. Um veiðar þessar gilda ákvæði laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, auk reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim, einkum reglugerð nr. 437/1995 um refa og minkaveiðar með síðari breytingum. Varðandi umgengni um veiðisvæði gilda lög um náttúruvernd nr. 60/2013 og reglugerð nr. 528/2005 og aðrar viðlíka.

Ráðinn veiðimaður komi sér sjálfur upp búnaði til veiðanna. Búnaðurinn skal ekki brjóta í bága við lög og reglugerðir. Sé komið fyrir gildrum skal það gert þannig að öðrum dýrum stafi ekki hætta af. Nota skal gildrur af viðurkenndir gerð, til að stytta dauðastríð.

Veiðimönum refa- og minka ber að hafa samband við landeigendur á svæðinu sé það í einkaeign.

Sveitarfélagið birtir upplýsingar um ráðna veiðimenn á heimasíðu sinni.

### Refaveiði

Grenjaveiðítímabil er frá 1. maí til og með 31. júlí ár hvert.

Flóahreppur ræður veiðimenn til refaveiða í sveitarfélagini og gerir við þá skriflega samninga. Samningar eru einungis gerðir við þá sem hafa gilt veiðikort og gilt skotvpornaleyfi.

Flóahreppur greiðir einungis samningsbundnum veiðimönum fyrir veiðar á ref. Þó geta bændur og æðarræktendur eða aðilar á þeirra vegum skotið refi sem búfénaði eða æðarvarpi stafar bein hætta af og ekki hefur náðst í ráðinn veiðimann eða hann ekki getað sinnt útkalli. Landeiganda er heimilt að nota aðra veiðimenn en skal tilkynna til fulltrúa sveitarfélagsins svo fljótt sem auðið er. Fyrir þau dýr skal greitt samkvæmt gjaldskrá fyrir vetrarveiði. Komi upp slíkt tilfelli skulu þeir aðilar uppfylla sömu kröfur og gerðar eru til ráðinna veiðimanna s.s. með skýrsluskil.

Skila skal skottum af unnum dýrum ásamt fylgigögnum. Til þessa ber að nota sérstakar bækur frá Umhverfisstofnun eða sambærilegum eyðublöðum frá sveitarfélagini sem halda utanum allar upplýsingar. Þar skal koma fram veiðidagur, veiðitími, veiðiaðferð, kyn og litur dýrs. Ávallt skal skrá hvar dýr var veitt til að hægt sé að átta sig á fjölda refa á svæðinu.  
Skila skal öllum skottum úr hverju greni fyrir sig í sér plastpoka ásamt merkingum um hvar grenið var staðsett.

Veiðimanni ber að skila til sveitarfélagsins sundurliðuðum reikningi vegna veiðanna. Veiðimönum er skylt að halda skrá (nafn grenis og GPS skráningu) yfir þekkt greni og uppfæra hana ef ný greni finnast. Þegar veiðimaður lætur af störfum fyrir Flóahrepp skal hann afhenda sveitarfélagini skrána. Þegar ráðinn er nýr veiðimaður afhendir sveitarfélagið honum grenjaskrá fyrir sveitarfélagið. Fullnaðarskil á upplýsingum vegna grenjaleitar skal skila til sveitarfélagsins fyrir 31. ágúst ár hvert.

*Séu skil á skýrslum og eða önnur atriði ekki í lagi verður ekki greitt fyrir grenjavinnslu.*



# FLÓAHREPPUR

480 4370 | floahreppur@floahreppur.is | www.floahreppur.is | Þingborg | 803 Selfoss

## Vetrarveiði / hlaupadýr:

Einungis ráðnum veiðimönum er greitt fyrir vetrarveiði á ref.

Veiðitímabil á hlaupadýrum er frá 1. ágúst til og með 30. apríl ár hvert.

Vanda skal til verka við útburð ætis og hreinsa vel svæði fyrir 30. apríl. Leitast skal við að hafa hæfilega vegalengd á milli staða sem borið er út á og skal frágangur ætis valda öðrum sem minnustum ama og í samráði við landeiganda.

Vegna vetrarveiði og hlaupadýra skal veiðimaður ávallt hafa leyfi landeigenda til að fá greitt fyrir hlaupadýr / vetrarveidd dýr.

Veiðimenn skila skýrslu um hvar og hvenær dýr eru veidd auk kyns og litar dýrsins til að átta sig á fjölda refa á svæðinu.

Veiðimenn skila skottum og skýrslum fyrir lok þess mánaðar sem dýr eru veidd.

Vetrarveiði eða veiði á hlaupadýrum afmarkast við sveitarfélagamörk Flóahrepps.

*Séu skil á skýrslum og eða önnur atriði ekki í lagi verður ekki greitt fyrir veiði á hlaupadýrum.*

## Minkaveiði

Sveitarfélagið ræður veiðimenn til hefðbundinnar minkaleitar í sveitarfélaginu fyrir tímabilið 20. apríl til 30. júní ár hvert og skulu ráðnir veiðimenn veiða á því tímabili og vera til reiðu ef vandamál koma upp. Skilyrði er að ráðnir veiðimenn notist við minkahunda. Veiðimaður getur sótt um afslátt á hundaleyfisgjöldum vegna minkaveiða.

Lögð er sérstök áhersla á að leitað sé á varplöndum og við veiðiár. Einnig leitað með sjó, svo sem kostur er og við vötn. Veiðimenn skulu vera vel tækjum búinir til veiðanna. Miðað skal við að hvert svæði sé leitað einu sinni á ofangreinu tímabili ár hvert.

Einnig er heimilt að ráða veiðimenn til gildruveiða. Séu gildrur lagðar fyrir mink skal þannig um þær búið að öðrum dýrum stafi ekki hætta af. Ef fót bogar eða dauðagildur eru notaðar skal búa um þær þannig að minkurinn láti lífið á sem skjótastan hátt.

Ganga skal þannig um minkabæli að sem minnst landspjöll hljótist af. Helst skal að nota blásara við minkagreni og varast að moka þau upp ef kostur er. Ef greni er heilt eykur það líkurnar á að það verði notað aftur að ári og því fer minni heildartími í leit.

Minkur sem næst lifandi skal aflífaður á sem skjótvirkaðan hátt.



## Greiðslur fyrir refa- og minkaveiði

Uppgjörstímabil vegna refa- og minkaveiða er frá 1. september ár hvert til 31. ágúst næsta ár.

### Greiðslur vegna refaveiði:

Skýrslum og skottum af dýrum sem unnin eru á sumartíma (1. apríl – 31. ágúst) skal skila eigi síðar en 10. september.

Dýrum sem unnin eru á vetrartíma (1. september – 31. mars) skal skila eigi síðar en 10. september. Sveitarfélagið áskilur sér rétt til að hafna greiðslu ef skýrslur berast eftir tilsettan tíma. Greiðslur fara fram í október ár hvert.

### Verðlaun fyrir unna refi í Flóahreppi eru eftirfarandi (verð eru án vsk.):

Fullorðnir refir: 12.000 kr á dýr

Yrðlingar: 10.000 kr ár dýr

Vetrarveiði/hlaupadýr: 7.000 kr á dýr + kílómetragjald vegna veiði (skv. gildandi viðmiðunartaxta UST)

Upphæð verðlauna fyrir unna refi uppfærast skv. vísitölu neysluverðs í maí ár hvert.

### Greiðslur vegna minkaveiði:

Allir þeir sem skila inn skottum af unnum mink fá greitt samkvæmt viðmiðunargjaldskrá Umhverfisstofnunar.

Veiðimönnum með samning, sem notast við minkahunda, skal greitt fyrir unnið dýr skv. verðlaunum (sjá hér að neðan), vinnu (skv. gildandi viðmiðunartaxta UST) og kílómetragjald (skv. gildandi viðmiðunartaxta UST).

Veiðimönnum með samning, sem notast við gildruveiðar, skal greitt fyrir unnið dýr skv. verðlaunum (sjá hér að neðan).

Fyrir útköll skal greitt á samskonar hátt og hér að ofan.

Skilyrði fyrir greiðslu er að viðkomandi fylli út skýrslu um minkaveiði sem lagt er fram af Flóahreppi.

Ekki er gerð krafa um framvísun veiðikorts vegna minkaveiða samkvæmt upplýsingum frá Umhverfisstofnun. Flóahreppur fer fram á að þeir sem sinna minkaveiði með vopnum og minkahundi ættu að sýna fram á gilt veiðikort og skotvopnaleyfi en þeir sem sinna gildruveiði þurfa ekki að framvísa ofangreindu.

### Verðlaun fyrir unna minka í Flóahreppi eru eftirfarandi:

Minkur: 3.000 kr á dýr

Hvolpafull læða: 15.000 kr á dýr

Upphæðir verðlauna fyrir unna minka fara eftir viðmiðunartaxta Umhverfisstofnunar.

Samþykkt af sveitarstjórn Flóahrepps 15.08.2023

*Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri*